



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Kópavogur, 10. janúar 2023
Málsnr.: 2212029/Málalykill 0.10.2

Efni: Umsögn TR um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning).

Vísað er til tölvubréfs dags. 8. desember 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins (TR) um 533. mál 153. löggjafarþings 2022–2023, það er að segja frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning). Óskað var eftir að umsögnin bærist eigi síðar en 10. janúar 2023.

Með frumvarpinu er brugðist við álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8955/2016 og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá ágúst 2020. Breytingar með frumvarpinu varða aðallega réttindaávinnsla og ákvörðun réttinda umsækjenda um örorku- og endurhæfingarlífeyri á grundvelli tryggingartímabila og ætlaðra tímabila til framtíðar. Að auki inniheldur frumvarpið ný ákvæði, til dæmis varðandi tekjugrunn. Þá er uppsetningu á köflum og röðun ákvæða laganna breytt.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur unnið að frumvarpinu í samvinnu við TR. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins í núverandi formi.

Virðingarfyllt,

Þórir Ólason
yfirlögfræðingur